



Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 16.03.2015
Tilvísun: 201503-0004

Efni: Frumvarp til laga um kosningar til Alþingis (persónukjör þvert á flokka), 57. mál

Alþýðusamband Íslands hefur er málið var lagt fram á fyrri löggjafarþingum gefið eftirfarandi umsögn sem nú er ítrekuð:

„Alþýðusamband Íslands gerir engar efnislegar athugasemdir við frumvarp þetta.

Frumvarpið felur í sér hófsama og skynsamlega tillögu í þá átt að gera þeim auðveldara fyrir sem vilja nýta atkvæði sitt til persónukjörs þvert á flokka. Slík breyting verður að teljast skynsamleg enda verði það að teljast lýðræðislegt að búa þannig um kosningakerfið að lýðræðishugmyndum sem flestra sé mætt án þess að gengið sé of langt á þætti er varða skilvirka framkvæmd kosninga. Að mati Alþýðusambands Íslands mætir frumvarp þetta ofangreindum sjónarmiðum og er því lagt til að frumvarpið verði að lögum á yfirstandandi þingi.“

Virðingarfyllst,

Halldór Oddsson.
Lögfræðingur hjá ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Sættún 2 • Reykjavík
Sími 535 5600 • Fax 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is

Til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis.

Efni: Athugasemdir vegna frumvarps til laga um kosningar til Alþingis (persónukjör þvert á flokka).

Þingskjal 57 — 57. mál, 144. löggjafarþing 2014–2015.

Haustið 2012 boðaði Alþingi til þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnskipunarlögum og einnig um tiltekin álitamál. Þar var m.a. spurt:

“Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði persónukjör í kosningum til Alþingis heimilað í meira mæli en nú er?”

Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem afstöðu tóku til spurningarinnar, 78.356 manns, svöruðu henni játandi en 21.623 voru á öndverðum meiði. Meira en þrjú fjórðu hlutar kjósenda kölluðu þar með eftir auknu persónukjöri en svipuð niðurstaða hafði áður fengist í skoðanakönnun MMR 27. apríl 2012 þar sem spurt var sömu spurningar. Umrætt haust samþykktu auk þess 67% kjósenda frumvarp að nýrri stjórnarskrá, en þar er að finna vandlega hugsaða og útfærða grein um alþingiskosningar. Greinin felur í sér, að löggjafinn geti ekki gengið skemur í átt til persónukjörs en að leyfa kjósenda að raða þeim lista sem hann kys. Greinin gerir líka ráð fyrir að löggjafinn geti gengið mun lengra og leyft kosningar þvert á lista. - Alþingi ber að sjálfsögðu siðferðileg og pólitísk skylda til að virða niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslu sem það sjálft boðar til (*).

Eins og heyra mátti í framsöguræðu er þetta tiltekna frumvarp nú lagt fram í fimmta sinn. Auk þess hafa önnur frumvörp um persónukjör í alþingiskosningum litið dagsins ljós, t.d. þrívegis árið 2009 að frumkvæði tveggja ríkisstjórna. Aldrei hefur neitt þessara frumvarpa komið til atkvæðagreiðslu í þinginu.

Stjórnarskrárfélagið fagnar því að frumvarp um persónukjör líti dagsins ljós, enn eina ferðina. Á sama tíma vill félagið benda háttvirtum alþingismönnum á að það sé alls ekki til þess fallið að efla traust til þingsins að mál sem varða kosningar til Alþingis séu svæfð í nefndum trekk í trekk og kröfur kjósenda að engu hafðar.

Stjórnarskrárfélagið gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en vill nota tækifærið og að skorar á stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd að afgreiða málið til annarrar umræðu í þinginu.

Virðingarfyllst, f. h. Stjórnarskrárfélagsins,

Reykjavík, 13. apríl 2015.

Hjörtur Hjartarson, stjórnarmaður
Sigurður H. Sigurðsson, ritari

* Eins og lýst er í greinargerð með lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna nr. 91/2010.